

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Langesbyggð.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í þéttbýli í Langesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Langesbyggð, nr. 181/2011, skal vera 14.140 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í þéttbýli í Langesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 181/2011, skal vera 10.998 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er kattahreinsunargjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hunda- og kattahald í Langesbyggð þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða gjald fyrir handsömun samkvæmt samþykkt um hunda- og kattahald í Langesbyggð.

Fyrir fyrsta skipti	23.567 kr.
Fyrir annað skipti	31.422 kr.
Fyrir þriðja skipti	39.279 kr.

Að auki skal greiða 4.710 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 15. gr. í samþykkt um hunda- og kattahald í Langesbyggð, nr. 181/2011, greiða eigendur hunda og katta á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti nr. 941/2002. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Langesbyggð nr. 181/2011 og samkvæmt 57. og 58. gr reglugerðar um hollustuhætti 941/2002. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1792/2024.

Samþykkt í sveitarstjórn, 11. desember 2025.

Björn S. Lárusson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026